

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



5. september 2023

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-139/2023 í samráðsgátt stjórnvalda

*Drög að húsnæðisstefnu til fimmtán ára og aðgerðaáætlun til fimm ára
(hvítbók um húsnæðismál)*

Hagsmunasamtök heimilanna hafa varað við yfirvofandi skorti á húsnæðismarkaði og kallað eftir aðgerðum stjórnvalda í a.m.k. tólf ár. Hver ríkisstjórnin á fætur annarri hefur látið það sem vind um eyru þjóta og siglt sofandi að feigðarósi inn í það ástand sem blasir við á húsnæðismarkaði í dag.

Þó að ofangreind Hvítbók um húsnæðismál sé að mörgu leyti góðra gjalda verð, þá er þetta of lítið, allt of seint og leysir ekki þann vanda sem blasir við í dag. Þarna eru áætlanir um uppbyggingu sem munu taka mörg ár og eru jafnvel ekki á færi ráðherra að lofa. Öll uppbygging er í fyrsta lagi oftast háð lóðaframboði sveitarfélaga og í öðru lagi háð vilja byggingarverktaka til að byggja sem fer eftir því hversu hagkvæmt þeir telja það vera á hverjum tíma. Eins og dæmin sanna t.d. núna, þegar mikillar uppbyggingar er þörf, þá halda þeir margir að sér höndum því vegna mikilla vaxtahækkana er ekki hagkvæmt fyrir þá að fullklára íbúðir fyrir en fjármögnunarskilyrði verða betri.

Í Hvítbókinni er hvergi tekið á þessum vanda eins raunverulegur og hann þó er. Einnig er ámælisvert að þeir tímarammar sem þó er gert ráð fyrir munu flestir senda ábyrgðina yfir á næstu ríkisstjórn, í stað þess að sú sem nú situr takist á við þann vanda sem hún hefur átt svo ríkan þátt í að skapa.

Öll uppbygging er góð og Hagsmunasamtök heimilanna styðja þessa áætlun svo langt sem hún nær. Eftir stendur samt sú staðreynd að hún gerir ekkert til að leysa þann fordæmalaus vanda sem þegar hefur skapast vegna þess að framboð húsnæðis annar ekki eftirspurn, og það eru mikil vonbrigði.

Hagsmunasamtök heimilanna minna á að samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum er það beinlínis skylda íslenskra stjórnvalda að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að tryggja íbúum landsins nægilegt framboð á viðunandi húsnæði og því þarf að byggja upp ný hverfi án frekari tafa. Vegna hins mikla skorts sem er á íbúðarhúsnæði hvetja samtökin til þess að allar aðgerðir í því skyni verði settar í algjöran forgang og slíkum áætlunum verði fylgt eftir með framkvæmdum nú þegar.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is